



Frá skrifstofu forseta Íslands

Við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag, 17. júní 2010, sæmdi forseti Íslands tólf Íslendinga heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu. Þeir eru:

1. Edda Erlendsdóttir píanóleikari, Frakklandi, riddarakross fyrir störf á vettvangi íslenskrar tónlistar
2. Gísli Örn Garðarsson leikstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar og alþjóðlegrar leiklistar
3. Guðrún Guðmundsdóttir húsmóðir, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag á sviði útsaums og þjóðlegrar menningar
4. Guðrún Nordal forstöðumaður, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu íslenskra fræða
5. Helena Eyjólfsdóttir söngkona, Akureyri, riddarakross fyrir framlag til íslenskrar tónlistar
6. Hjalti Pálsson ritstjóri og fyrrverandi héraðsskjalavörður, Skagafirði, riddarakross fyrir framlag til héraðssögu, fræða og menningar
7. Jón Ásbergsson framkvæmdastjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu íslensks atvinnulífs og útflutnings
8. Jónas Þórir Þórisson forstöðumaður, Reykjavík, riddarakross fyrir framlag til líknarmála og hjálparstarfs
9. Kristbjörn Þór Árnason skipstjóri, Húsavík, riddarakross fyrir sjósókn og störf í sjávarútvegi

10. Magðalena Sigríður Hallsdóttir fyrrverandi formaður
Kvenfélags Sjúkrahúss Siglufjarðar, Siglufirði, riddarakross
fyrir störf í þágu aldraðra og sjúkra
11. Marga Ingeborg Thome prófessor, Seltjarnarnesi, riddarakross
fyrir störf í þágu heilbrigðismenntunar og rannsókna
12. Reynir Vilhjálmsson landslagsarkitekt, Reykjavík, riddarakross
fyrir frumherjastörf við skipulag og mótun umhverfis